



## MEIRIHLUTINN SELDUR STRAX Á FYRSTA DEGI

Mikill fjöldi fólks náði sér í miða á tónleika Jonasar Kaufmann og Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Listahátíð í vor, en miðasala á tónleikana hófst í gær 1. mars. Ríflega 3/4 hlutar miðanna seldust strax á fyrsta degi, en alls eru á sautjándra hundrað miða í boði á tónleikana, sem fara fram í Eldborg, stóra sal Hörpu, 21. maí næstkomandi. Fimm verðsvæði eru í salnum og enn má finna góða miða, en Listahátíð hvetur fólk til að hafa hraðann á til að missa ekki af einstöku tækifæri til að hlýða á Jonas Kaufmann, einn fremsta tenórsöngvara samtímans á hátindi ferils síns.

### NÁMSKEIÐ UM JONAS KAUFMANN

Endurmenntun Háskóla Íslands býður upp á námskeið í tengslum við tónleikana, þar sem Bergþór Pálsson kynnir mismunandi raddgerðir karla, allt frá djúpum bassa upp í tæran og háan tenór. Hann greinir Jonas Kaufmann og skoðar feril hans með tóndæmum og myndbrotum. Miði á tónleikana er innifalinn í námskeiðsgjaldinu. Lesa [meira um námskeiðið](#)

Á næstu dögum og vikum verða fleiri spennandi viðburðir Listahátíðar í vor kynntir, en hún stendur frá 20. maí – 5. júní 2011.

## Kaupa miða á Jonas Kaufmann



Listahátíð í Reykjavík / Reykjavík Arts Festival  
Lækjargata 3 | Pósthólf 88 | 121 Reykjavík  
Sími (+354) 561 2444 | Fax (+354) 562 2350  
[www.listahatid.is](http://www.listahatid.is) | [artfest@artfest.is](mailto:artfest@artfest.is)

Samstarfsaðilar Listahátíðar í Reykjavík

Iceland Express

PÓSTURINN

SAMSKIP

CENTER HOTELS